

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 26. mars 2009 í máli nr. E-3760/2008:

Sigurður Guðmundsson

(Ragnar Halldór Hall hrl.)

gegn

Byggingafélagi námsmanna ses.

(Þorsteinn Einarsson hrl.)

Mál þetta var höfðað 19. maí 2008 og dómtekið 6. þ.m.

Stefnandi er Sigurður Guðmundsson, Skólagerði 63, Kópavogi.

Stefndi er Byggingafélag námsmanna ses., Laugavegi 66-68, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru eftirfarandi:

1. Að stefndi verði dæmdur til að greiða honum 2.160.118 krónur með dráttar vöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.080.055 krónum frá 1. mars 2008 til 1. apríl s.á. og af 2.160.118 krónum frá þeim degi til greiðsludags.
2. Að viðurkennd verði skylda stefnda til að greiða stefnanda laun, orlofslaun og bifreiðahlunnindi svo og bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda, allt samkvæmt ráðningarsamningi hans við stefnda frá 1. maí 2008 til 31. desember 2008 að viðbættum dráttarvöxtum frá gjalddaga hverrar greiðslu til greiðsludags.
3. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 1.000.000 króna í miskabætur og beri sú fjárhæð dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 20. maí 2008 til greiðsludags.
4. Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi hans. Til vara krefst stefndi þess að hann verði sýknaður að svo stöddu af viðurkenningarkröfu stefnanda, að kröfur hans verði lækkaðar verulega og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar.

Í stefnu greinir frá málavöxtum í grundvallaratriðum.

Stefndi er sjálfseignarstofnun og starfar á grundvelli laga nr. 33/1999 um sjálfseignarstofnanir sem stunda atvinnurekstur. Stefnandi réðst í þjónustu forvera stefnda, Byggingafélags námsmanna, með starfssamningi 12. desember 2003 og hóf störf 1. janúar 2004. Starfsheiti hans var rekstrarstjóri. Nýr starfssamningur var gerður við stefnanda 1. október 2006. Rekstrarformi félagsins var breytt í sjálfs eignarstofnun 28. febrúar 2007 og yfirtók hún öll réttindi og skyldur eldra félagsins gagnvart stefnanda og öðrum.

Hinn 21. desember 2007 var stefnanda afhent svohljóðandi tilkynning stjórnar Byggingafélags námsmanna um tímabundna lausn frá störfum:

„Á stjórnarfundum BN, þann 21. desember 2007, sem haldinn var á skrifstofu BN að Laugavegi 66, Reykjavík, var einróma samþykkt tillaga um að fela KPMG endurskoðunarskrifstofu að framkvæma innri endurskoðun á rekstri BN. Meðan að sú endurskoðun fer fram var einnig einróma samþykkt af stjórn BN að veita Friðriki Guðmundssyni, kt. 040455-2139, framkvæmdastjóra BN, tímabundna lausn frá störfum. Varðandi þig, Sigurð Guðmundsson, kt. 131060-4089, rekstrarstjóra BN, var jafnframt samþykkt einróma af stjórn BN að veita þér sömuleiðis lausn frá störfum, sökum skyldleika við framkvæmdastjórnann, sem er bróðir þinn. Ekki er því óskað starfskrafta þinna meðan að ofangreind rannsókn stendur yfir og ber þér að afhenda stjórn félagsins lykla að skrifstofu, kredit- og debetkort og önnur gögn sem þú kannt að hafa í förum þínum. Jafnframt mun stjórn félagsins tilkynna lánastofnunum, hlutafélagaskrá og öðrum nauðsynlegum stofnunum að heimildir þínar til þess að ráðstafa hagsmunum félagsins eru ekki lengur tímabundið í gildi og er þér óheimilt að koma fram í nafni félagsins.

Ákvörðun stjórnar tekur gildi samstundis og mun standa þar til frekari ákvörðun varðandi málefni félagsins og stöðu þína innan félagsins verður tekin.“

Lögmaður stefnanda sendi stefnda bréf 11. janúar 2008 þar sem segir að stefnandi telji uppsögnina tilefnislaus og að hún vegi gróflega að starfsheildri hans.

Með bréfi, dagsettu 9. apríl 2008, tilkynnti lögmaður stefnda stefnanda að stjórn stefnda hefði ákveðið að rifta ráðningarsamningi við hann. Þar segir: „Riftun samningsins tekur þegar gildi og er riftunin fyrirvaralaus. Umbj. minn mun því ekki greiða þér frekari laun. Ástæður riftunar samningsins eru alvarleg trúnaðarbrot og brot á starfsskyldum þínum. Nánar um ástæður riftunar vísast til meðfylgjandi afrits bréfs sem ég hef í dag ritað lögmanni þínum, Ragnari Halldóri Hall hrl. Umbj. minn krefst þess að þú skilir þegar til félagsins bifreið, fartölvu og farsíma sem félagið hefur veitt þér afnot af.“ Meginatriði, sem vikið er að í því bréfi, eru sem hér segir: Þann dag, 21. desember 2007, er stefnandi hafi verið veitt tímabundin lausn frá störfum, hafi stjórn stefnda falið KPMG endurskoðunarskrifstofu að framkvæma innri endurskoðun á rekstri BN. Sú athugun hafi farið fram og leitt í ljós alvarleg brot stefnanda á skyldum sínum gagnvart

stefnda eins og nánar er rakið: 1. Í ljós hafi komið að stefnandi sé, ásamt bróður sínum, Friðrik Guðmundssyni, fyrrverandi framkvæmdastjóra BN, eigandi fyrirtækisins FH ráðgjafar ehf. sem hafi unnið fyrir Þórtak ehf. og Þverás ehf. en þau fyrirtæki hafi unnið stór verk fyrir BN síðustu ár án útboða. Eignarhald stefnanda í fyrrgreindu félagi og vinna í þágu þess samrýmist ekki starfs- og trúnaðarskyldum stefnanda sem rekstrarstjóra BN. Með réttu megi draga í efa að hagsmunum BN hafi verið nægjanlega gætt í viðskiptum við fyrrgreinda verktaka og stjórn BN hafi ekki heimilað stefnanda að sinna jafnframt öðrum störfum samhliða starfi rekstrarstjóra BN. 2. Stjórn stefnda telji að stefnandi hafi brotið gegn skyldum sínum gagnvart stefnda með því að fara á kostnað hans ásamt bróður sínum til Noregs í nóvember 2007. 3. Stjórn stefnda telji að stefnanda hafi verið ljós ýmis brot framkvæmdastjórans í starfi og að hann hafi ekki sinnt sem skyldi starfsskyldum sínum að því er tekur til umsjónar með bókhaldi stefnda. 4. Svokallaður starfssamningur við stefnanda, dags. 1. október 2006, hafi verið undirritaður af formanni stjórnar stefnda án vitneskju og samþykkis stjórnarinnar og sé hann því óskuldbindandi. 5. Stjórn stefnda telji brot stefnanda á skyldum gagnvart honum vera vítaverð og alvarleg og hafi því ákveðið að rifta án fyrirvara ráðningarsamningi við hann.

Stefndi greiddi stefnanda laun fram til loka febrúar 2008. Í stefnu segir að hann hafi 3. apríl 2008 kannað hjá starfsmanni stefnda, sem annist uppgjör launa, hverju það sætti að hann hefði ekki fengið greidd laun fyrir mars þá um mánaðamótin og fengið þau svör að stjórnarformaður stefnda hefði gefið þau fyrirmæli að stefnandi skyldi ekki fá frekari laun greidd hjá stefnda. Í stefnu segir að stefnandi höfði samhliða þessu máli annað mál á hendur stefnda til heimtu orlofslauna fyrir tímabilið fram til 1. mars 2008. Fram er komið að uppgjöri vegna þessa sé lokið.

Með tveimur bréfum í maí 2008 kærði stjórn stefnda fjóra menn, þ.á m. stefnanda og Friðrik bróður hans, til ríkislögreglustjóra vegna ætlaðs fjármálamisferlis í tenglum við rekstur félagsins.

2

Kröfugerð stefnanda er reist á 8. gr. starfssamnings stefnanda frá 1. október 2006 um starfslok þar sem segir: „Sviðsstjóri rekstrarsviðs skal halda fullum launum og hlunnindum í 12 mánuði eftir starfslok komi til uppsagnar af hálfu BN.“ Þar er einnig kveðið á um eftirfarandi: „Segi sviðsstjóri rekstrarsviðs starfi sínu lausu skal hann halda fullum launum og hlunnindum í þann tíma sem hér er tilgreindur: Uppsögn eftir undirritun samnings – 4 mánuðir. Uppsögn eftir 1. mars 2007 – 8 mánuðir. Uppsögn eftir 1. sept. 2007 – 12 mánuðir. Réttindi þau sem hér greinir um eru óháð því hvort hann ræðst til annarra starfa á því tímabili sem réttindi ná til.“ Stefnandi vísar til þess að hann hafi verið leystur frá störfum í desember 2007 og eigi því rétt til launa og annarra hlunninda, sem ráðningarsamningnum fylgi, til 31. desember 2008.

Í 1. dómkröfu kveðst stefnandi gera kröfu um laun og önnur hlunnindi sem hafi verið gjaldfallin á þingfestingardegi málsins. Svofelld grein er gerð fyrir kröfu fjárhæð: „Mánaðarlaun stefnanda voru 699.128 krónur. Samkvæmt

ráðningarsamningi hans fékk hann fastar greiðslur vegna yfirvinnu, án tillits til vinnuframlags, 161.348 krónur á mánuði. Föst laun hans voru samkvæmt því 860.476 krónur á mánuði. Til viðbótar gerir stefnandi kröfu um 12,07% orlof á þau laun. Sá kröfuliður er 103.859 krónur. Að auki krefst stefnandi bóta vegna tapaðra lífeyrisréttinda, samtals 12% af samanlagðri fjárhæð launa og orlofslauna, þ.e. 6% mótframlags til lífeyrissjóðs og 6% mótframlags til séreignarlífeyrissjóðs, og nemur þessi kröfuliður 115.720 krónum á mánuði. Samtals nema þessir liðir 1.080.055 krónum á mánuði. Launin fyrir mars 2008 áttu að greiðast 1. apríl 2008 og launin fyrir apríl 2008 áttu að greiðast 1. maí 2008 og tekur dráttarvaxtakrafa stefnanda mið af því. Um orlofslaun vísar stefnandi til starfssamnings síns við stefnda þar sem orlofsprósenta hans er tilgreind 12,07% sem svarar til 28 virkra orlofsdaga. Stefnandi vísar einnig um orlofslaunakröfu sín til ákvæða orlofslaga nr. 30/1987. Samkvæmt 8. gr. þeirra laga skal greiða starfsmanni áunnin orlofslaun ef ráðningarsambandi er slitid.“

Stefnandi tekur fram að hann telji málatilbúnað stefnda varðandi ávirðingar sínar sem rökstuðning fyrir riftun ráðningarsamnings gersamlega haldlausan. Honum hafi ekki verið kynnt neitt af efni skjala sem séu sögð hafa verið tekin saman um málefni félagsins eftir að hann lét þar af störfum og ekki hafi verið óskað eftir skýringum hans.

Stefnandi kveður kröfuliði, sem varða 2. dómkröfu sína, vera hina sömu og tilgreindir séu í 1. dómkröfu, þó með þeirri viðbót að krafist sé 112.450 króna greiðslu fyrir hvern mánuði frá 1. maí 2008 vegna bifreiðahlunninda en stefndi hafi krafist þess af stefnanda að hann skilaði bifreið, sem hann hafði til einkanota og nota í starfi sínu sem rekstrarstjóri stefnda, og hafi stefnandi orðið við þeirri kröfu. Þessar kröfur séu ekki gjaldfallnar (við útgáfu stefnu) en í ljósi afstöðu stefnda sé ljóst að hann muni ekki greiða þær án undangengins dóms. Um heimild til öflunar viðurkenningardóms vísar stefnandi til 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991.

Um lagagrundvöll fyrir 3. dómkröfu sinni vísar stefnandi til b-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Á því er byggt að uppsögnin hafi verið framkvæmd með afar meiðandi hætti og án þess að stefnandi fengi á nokkurn hátt að tjá sig um ástæður hennar áður en hún var látin koma til framkvæmdar. Hún hafi verið framkvæmd síðdegis á föstudegi, á síðasta vinnudegi fyrir jól. Jafnframt hafi þess verið getið að hún yrði tilkynnt lánastofnunum, hlutafélagaskrá og öðrum „nauðsynlegum“ stofnunum. Allt þetta hafi að mati stefnanda verið algerlega ástæðulaust og eingöngu gert til að lítillækka hann í augum fjölskyldu hans, samstarfsmanna og annarra sem málið varðaði.

Sýknukrafa stefnda byggist á því að honum hafi verið heimilt að lögum að segja stefnanda fyrirvaralaust upp störfum og án bóta vegna grófra brota hans á skyldum gagnvart stefnda. Þess vegna beri að sýkna stefnda af kröfum stefnanda. Í þessu efni bendi stefndi á eftirfarandi:

Stefnandi og bróðir hans, Friðrik, hafi verið eigendur að RH ráðgjöf ehf. sem hafi sinnt störfum fyrir Þórtak ehf. og Þverás ehf. en þau félög hafi sinnt

stórum verkefnum fyrir stefnda. Stefndi leggur áherslu á að FH ráðgjöf ehf. hafi m.a. sinnt störfum fyrir Þverás ehf. og Þórtak ehf. í verkefnum sem þeir aðilar unnu fyrir stefnda. Stefnandi hafi því haft persónulegra hagsmuna að gæta af samningum stefnda við þessa aðila. Þá hafi það ekki samrýmt starfsskyldum stefnanda að starfa á sama tíma hjá FH ráðgjöf ehf. við ráðgjöf á sviði húsbygginga og reksturs fasteigna.

Bróðir stefnanda, fyrrverandi framkvæmdastjóri stefnda, hafi látið greiða úr sjóðum stefnda fargjöld og upphald vegna ferðar hans og stefnanda til Osló í nóvember 2007 og hafi sú ferð ekki verið á vegum stefnda. Með þeirri háttsemi hafi þeir bræður brotið gegn skyldum sínum gagnvart stefnda.

Stefnandi hafi brotið gegn skyldum sínum gagnvart stjórn félagsins með því að semja við bróður sinn og fyrrverandi formann stjórnar stefnda um breytingu á ráðningarkjörum en með samningnum 1. október 2006, sem hafi verið gerður án heimildar stjórnar, hafi kjör stefnanda verið stórbætt.

Vegna stöðu sinnar sem rekstarstjóra stefnda og staðgengils framkvæmdastjóra og vegna tengsla við fyrrverandi framkvæmdastjóra hafi honum verið ljós ýmis alvarleg brot framkvæmdastjórans. Hluti starfsskyldna stefnanda hafi verið að hafa umsjón með bókhaldi stefnda og hann hafi brotið gegn þeim með því m.a. að upplýsa stjórn stefnda ekki um greiðslur úr sjóðum félagsins á nuddi og líkamsrækt fyrir bróður stefnanda, um fyrirframgreiðslu launa til sonar bróður stefnanda, um greiðslur til verktaka löngu fyrir eindaga reiknings, um viðskipti GG Innflutnings ehf. við stefnda og um óreiðu í tengslum við samninga um Einholt og Þverholt og Bjarkavelli þar sem samningsverð hækkuðu frá því sem upphaflega var gert ráð fyrir og hafi stefnandi mátt gera sér grein fyrir því sem umsjónarmaður bókhalds.

Sýknukrafa stefnda er einnig byggð á því að starfssamningur við hann, dags. 1. október 2006, sé óskuldbindandi fyrir stefnda þar sem formaður stjórnar hafi ekki haft umboð stjórnar til gerðar hans sem hafi verið nauðsynlegt þar sem hann hafi verið mjög óvenjulegur um aukin réttindi stefnanda. Stefnandi hafi verið í vondri trú við gerð hans. Verði ekki fallist á að samningurinn sé óskuldbindandi fyrir stefnda er þess krafist að honum verði vikið til hliðar og stefndi því sýknaður af kröfu stefnanda sem byggist á honum. Því til stuðnings vísar stefndi til ákvæða laga nr. 7/1936, einkum 33. gr. og 36. gr.

Þá styðst krafa stefnda um sýknu á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna riftunar ráðningarsamningsins.

Verði ekki fallist á sýknukröfu er þess krafist að kröfur stefnanda verði lækk aðar verulega með vísan til fyrrgreindra röksemda, sbr. meginreglu 24. gr. laga nr. 50/1993, reglur vinnu- og skaðabótaréttar og ákvæði III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 33. gr. og 36. gr.

Stefndi vísar til sömu röksemda og fyrr greinir um sýknukröfu af viður kenningarkröfu stefnanda.

Stefndi mótmælir fjárhæð dómkröfu 1 og bendir á að mánaðarlaun stefnanda ásamt bifreiðahlunnindum hafi verið 679.148 krónur en ekki 699.128

krónur. Þá er mótmælt kröfu um bifreiðahlunnindi og orlof í uppsagnarfresti. Kröfu vegna tapaðra lífeyrisréttinda í uppsagnarfresti og um 12% framlag til lífeyrissjóðs er mótmælt. Enn fremur kröfu um upphafstíma dráttarvaxta og er þess krafist, verði fallist á kröfur stefnanda að einhverju leyti, að dráttarvextir reiknist frá dómsuppsögudegi.

Sýknukrafa af miskabótakröfu stefnanda byggist á því að ekki sé lagastoð fyrir þeirri kröfu. Uppsögn stefnanda hafi verið réttmæt og stefnandi eigi sjálfur alla sök á ætlaðri vanlíðan sinni. Varakrafa um lækkun miskabótakröfu byggist á því að fjárhæð hennar sé í engu samræmi við ætlað tilefni.

4

Starfslok stefnanda hjá stefnda urðu vegna fyrirvaralausrar uppsagnar-, riftunar ráðningarsamnings-, af hálfu stjórnar stefnda. Hér að framan, í 2. kafla dómsins, er tilgreint orðrétt efni 8. greinar samningsins sem kröfugerð stefnanda er reist á. Fram kom við aðalmeðferð málsins að tildrög samningsgerðarinnar 1. október 2006, sem fól í sér endurskoðun og endurnýjun ráðningarsamnings stefnanda, hafi verið að framkvæmdastjóri stefnda gerði að ósk stefnanda tillögu að starfssamningnum til þáverandi formanns stjórnar stefnda, Benedikts Magnússonar, sem gekk frá endanlegri gerð hans og undirritaði hann ásamt stefnanda. Benedikt bar að framkvæmdastjórinn hafi haft vald til samningsgerða við starfsfólk en vegna tengsla hans við stefnanda hafi hann gert þennan samning. Hann kvað samninginn hafa verið í samræmi við tiltölulega nýgerðan samning við framkvæmdastjórnann sem stjórnin hafi samþykkt.

Ekki er sýnt fram á að samningurinn bindi ekki stefnda þar sem formaður stjórnar hafi ekki haft umboð stjórnar til gerðar hans og hann sé því óskuldbindandi fyrir stefnda. Enda þótt umrætt samningsákvæði sé stefnanda hagstætt er ekki fallist á að sýnt sé fram á nein þau atvik sem eigi að leiða til þess að víkja beri því til hliðar með vísan til ákvæða laga nr. 7/1936, einkum 33. gr. og 36. gr. Verður því eigi fallist á sýknukröfu stefnda sem reist er á framangreindu. Með sömu rökum er ekki fallist á varakröfu stefnda um lækkun með vísun til „meginreglu 24. gr. laga nr. 50/1993, til reglna vinnu- og skaðabótaréttar og til ákvæða III. kafla laga nr. 7/1936, einkum 33. gr. og 36. gr. laganna.“

Framangreint samningsákvæði veitir stefnanda skýlausan rétt vegna starfsloka. Án nokkurs fyrirvara að því er tekur til ástæðna þess að til uppsagnar komi af hálfu stjórnar stefnda eða greiðslna frá öðrum aðilum skal stefnandi halda fullum launum og hlunnindum í 12 mánuði eftir starfslok. Samkvæmt þessu er ekki efni til þess að í dóminum verði tekin afstaða til þeirra ávirðinga sem stefnandi er borinn af hálfu stefnda og ekki verður fallist á sýknukröfu stefnda sem byggist á því að ósannað sé að stefnandi hafi orðið fyrir tjóni vegna riftunar ráðningarsamningsins.

Samkvæmt framangreindu er niðurstaða dómsins sú að fallast beri að meginefni á 1. kröfu stefnanda, að því athuguðu sem hér verður greint, og verður þá tekin afstaða til einstakra liða kröfugerðarinnar og þar með varakröfu stefnda um lækkun af öðrum ástæðum en þeim sem þegar hefur verið tekin afstaða til.

Framlagðir launaseðlar bera með sér að stefnandi fékk eftirágreidd laun fyrir hvern mánuð. Hann hefur fengi greidd laun fyrir janúar og febrúar 2008 en á rétt til launa og hlunninda út árið. Gjalddagi vegna marsmánaðar ákveðst 1. apríl 2008 í stað 1. mars eins og kröfugerð stefnanda byggist á og gjalddagi vegna aprilmánaðar ákveðst 1. maí 2008. Krafa um mánaðarlaun að upphæð 699.128 krónur er réttilega reiknuð sem meðaltal þeirra mánaðarlauna sem stefnandi fékk fyrir mánuðina janúar og febrúar 2008 og krafa um greiðslu fastrar yfirvinnu, að upphæð 161.348 krónur, er í samræmi við greiðslu til hans fyrir febrúar 2008. Einnig fékk hann greitt 12,07% orlof framangreinda mánuði og ber samkvæmt 8. gr. orlofslaga nr. 30/1987 að fallast á þennan lið kröfunnar, 103.348 krónur. Stefnandi krefst 115.720 króna á mánuði vegna 6% mótframlags til lífeyrissjóðs og 6% mótframlags til séreignarlífeyrissjóðs, í báðum tilvikum af samanlagðri fjárhæð launa og orlofslauna. Á launaseðlum sést að mótframlag atvinnurekanda í lífeyrissjóð stefnanda nam 8% og mótframlag hans til séreignarlífeyrissjóðs stefnanda nam 2% af framangreindum stofni. Ekki verður dæmt umfram umkrafinna 6% til lífeyrissjóðs og ákveðst þessi liður því 8% af 964.335 (860.476+103.859) krónum eða 77.147 krónur. Samtals nema þessir liðir 1.041.482 krónum.

Samkvæmt þessu ber að dæma stefnda til að greiða stefnanda 2.082.964 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.041.482 krónum frá 1. apríl 2008 til 1. maí s.á. og af 2.082.964 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Hin sömu rök og hér að framan voru tilgreind fyrir greiðsluskyldu stefnda leiða til þeirrar niðurstöðu, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga nr. 91/1991, að fallast beri á 2. dómkröfu stefnanda sem felur í sér að stefnandi haldi áfram þeim launum og hlunnindum fyrir mánuðina maí – desember 2008 (a.b.m.) sem hann hafði notið af hálfu stefnda það ár fyrir mánuðina janúar og febrúar og nýtur fyrir mánuðina mars og apríl samkvæmt niðurstöðu dómsins um 1. dómkröfu stefnanda. Þetta gildir jafnt um orlof og bifreiðahlunnindi sem aðra liði en um bifreiðahlunnindin skal tekið fram að stefnandi var sviptur umráðum bifreiðar í apríl 2008 og samkvæmt launaseðlum voru þau hlunnindi metin til 112.450 króna á mánuði.

Ekki er fallist á að fyrir hendi séu skilyrði til að dæma stefnanda miskabætur úr hendi stefnda, sbr. b-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 vegna þess hvernig staðið var að uppsögn hans af hálfu stefnda. Samkvæmt því ber að sýkna stefnda af 3. dómkröfu stefnanda.

Dæma ber stefnda til að greiða stefnanda málskostnað sem er ákveðinn 500.000 krónur.

Mál þetta dæmir Sigurður H. Stefánsson héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Byggingafélag námsmanna ses., greiði stefnanda, Sigurði Guðmundssyni, 2.082.964 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 1.041.482 krónum frá 1. apríl 2008 til 1. maí s.á. og af 2.082.964 krónum frá þeim degi til greiðsludags.

Viðurkennd er skylda stefnda til að greiða stefnanda laun, orlofslaun og bifreiðahlunnindi, svo og bætur vegna tapaðra lífeyrisréttinda, allt samkvæmt ráðningarsamningi hans við stefnda, frá 1. maí 2008 til 31. desember 2008 að viðbættum dráttarvöxtum frá gjalddaga hvernar greiðslu til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 500.000 krónur í málskostnað.

Sigurður H. Stefánsson